



Bókanir með samningi NLFÍ og heilbrigðisráðuneytisins
um framkvæmd hans o.fl.

1. Ráðuneytið skuldbindur sig til að greiða húsaleigu fyrir húsið Sogn frá því SÁÁ vék úr húsinu fyrir tilmæli ráðuneytisins hinn 20. júlí 1991, til þess tíma er nýr leigusamningur verður gerður um leigu hússins. Leigugjaldið verði hið sama og SÁÁ greiddi.
Húsaleiga greiðist 1. hvers mánaðar fyrirfram.
Nú er gjaldfallin húsaleiga frá 20. júlí til og með 1. nóvember 1991, sem greiðist strax.
 2. Ráðuneytið greiði fyrir þau rúm, sem ekki hafa verið nýtt í B-álmú hælisisins (álmú þeirri sem SÁÁ hefur til afnota) svo og fyrir þau rúm, sem ráðstafað var vegna lokana á sjúkrahúsum. Greiðslan er kr. 7.000 þús. og skal innt af hendi fyrir 10. janúar 1992.
 3. a) Ríkið greiðir fyrir 100 rúm á endurhæfingadeild, kr. 186.425 þús. á ári miðað við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1992.
b) Á sama hátt greiðir ríkið fasta ársgreiðslu (styrk) fyrir 60 rúm á heilsuhælisdeild, kr. 49.164 þús., miðað við sömu forsendur og í a lið.
- Í uppsagnarbréfum skv. 11. gr. samningsins til allra starfsmanna skal þeim boðið að tilkynna framkvæmdastjóra fyrir 1. desember 1991, hvort þeir óski að halda stöðu sinni og gildir sú tilkynning sem umsókn.
Þau störf sem laus eru 10. desember verði þá auglýst laus til umsóknar.
5. Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila varðandi 6. gr. samningsins að ekki verði nema einn stjórnarmaður Heilsustofnunarinnar jafnframt í stjórn NLFÍ og að andmæli gegn tilnefningu verði skrifleg, ef til kemur.
 6. Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að nýjar fjárfestingar sem til verður stofnað verði eign NLFÍ.

7. Það er skilningur samningsaðila að NLFÍ beri eðlilegur arður af eignum sínum, sem nýttar eru í þágu Heilsustofnunarinnar og sé sá arður reiknaður inn í lið 3 a hér að framan. Arður þessi er kr. 9.000 þús. á ári á meðalverðlagi 1990.
8. Það er skilningur samningsaðila að með samningi þessum verði í engu dregið úr framkvæmdum við uppbyggingu stofnunarinnar m.v. undanfarin ár og að umsjón og umhírða húseigna og búnaður verði í engu lakari en verið hefur.

8. nóvember 1991.

F. h. heilbrigðis- og
tryggingamálaráðuneytisins



F. h. Náttúrulækningafélags
Íslands